

| tíska | tíðarandinn | heilsa | hönnun | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

úti í mýri

MATUR

» *Karamellukaka*

TÍSKA

» *Nærbuxur
& fylgihlutir*

Ágústa Eva Erlendsdóttir
Á HVÍTA TJALDINU

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
13. - 19. október

L'

O

„Calcium, það er framtíðin fyrir mína húð!”

Jane Fonda, 68 ára.

Jane Fonda

É

A

L
PARIS

DERMO-EXPERTISE

AGE RE-PERFECT Pro-Calcium

Endurbyggir og styrkir húðina með calcium.

NÝJUNG Enduruppbyggjandi djúpnæring
Vinnur gegn slappri húð.
Styrkir þunna, veikbyggða húð.

78% kvennanna staðfestu árangur gegn slappri húð.

Vísindalega prófað á 51 konu.

Pro-Calcium er lífræn framsetning calcium,
sem húðin nær að draga beint til sín.

Því þú átt það skilið.

@ Allt um húð þína
eftir sextugt á
www.lorealparis.com



L'ORÉAL
PARIS
DERMO-EXPERTISE
AGE RE-PERFECT
Pro-Calcium

FRÁ 60 ÁRA ALDRI, NÆRING FYRIR PROSKAÐA HÚÐ.

L'ORÉAL
PARIS

„Pabbi kom með hana heim frá Ítalíu“

Mig minnir að þetta hafi verið í Flórens og að vinur hans hafi málað hana sem gjöf. Hann kom með hana heim 1967, rammaði hana inn og hengdi hana upp í stofunni. Þá var ég tveggja ára.

TEPPI: 5.299 HVÍTUR ATMOS STÓLL: 69.900 PARLANE VASI: 5.999 GEO PLANK HNOTUPARKET: 7.595 m²
ATMOS LEÐURKOLLUR: 14.900 ATMOS LEÐURSÓFI: 59.900 PÚÐAR: 1.999 JOTUN LADY INNIMÁLNING: 3.975

VELKOMIN HEIM

EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt. EGG er á Smáratorgi.

www.egg.is



HVÍTUR ATMOS STÓLL - 69.900





20



26



36



18

Þetta helst

- 7 Grímudansinn
- 8 Í sátt og samlyndi við umhverfið
- 10 Brennsla Fabúlu
- 12 Metallinn á sviði
- 46 Föstudagurinn þrettándi

Greinar og viðtöl

- 14 Tónlist djöfulsins
- 18 Hönnun:
Skemmtilegt að sjá hlutina í notkun
- 20 Ágústa Eva Erlendsdóttir:
Hélt ég gæti ekki leikið
- 36 Leiksýning fyrir litlu börnin

Hann/hún

- 26 Karamellukaka
- 32 Ertu ein heima?
- 34 Tíska: Gull og meira gull
- 38 Uppskrift að slökun
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 40 Stjórnsþá
- 42 Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp
- 44 Gerir morgunmaturlinn þig skapilla/n?

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

FÖNDURVÖRUR Í ÚRVALI



FILTEFNI
Í JÓLAFÖNDRIÐ



PERLUR OG STEINAR



EFNI TIL
JÓLAKORTAGERÐAR



EFNI TIL
LAMPAGERÐAR

SKRÁNING Á HAUSTNÁMSKEIÐIN HAFIN

ALDREI FJÖLBREYTTARI

- Steinamálun
- Landslagsmálun
- Skrappjólakort
- Haustkrans
- Jólakort
- Skrapp
- Blómamálun
- Borðskreyting - lifandi blóm



- Bútasaurur -
- Jólasveinn úr ull -
- Lampagerð -
- Skartgripagerð -
- Aðventukrans -
- Jólalurðarkrans -
- Barnaföndurnámskeið -
- Borðskreyting - silkiblóm -

Upplýsingar um námskeiðin er einnig að finna á www.gardheimar.is



heimur skemmtilegra
hluta og hugmynda



Grímudansinn

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON MYND: GETTY IMAGES

Öll berum við grímur sem sjaldan falla. Fyrr á öldum voru haldin grímuböll en markmið þeirra var, eins öfugsnúið og það er, að fela sig bak við efnislega grímu svo sú andlega gæti fallið. Þetta virðist ennþá eiga við í dag. Að koma fólki út einkennisbúningum daglegs lífs, hvort sem það eru gallabuxur eða jakkaföt, er ein besta leiðin til að koma fólki á sama plan og úr skelinni.

Kannski þess vegna eru þemaveislur jafnvinsælar og raun ber vitni. Skiptir þá engu máli hvert þemað er, bara að allir taki

þátt. Að komast í frí frá hversdagsleikanum og að skemmta sér í öðrum tíma og öðru rúmi sem jafningjar.

Þemað getur verið hvað sem er og takmarkast einungis af ímyndunaraflinu. Ofurhetjur, sjóræningjar, ævintýri, millistríðsárin, heimsstyrjöldin, sjöundi áratugurinn, djass eða Alþarnir. Þú getur farið inn á hvaða bar sem er og fengið þér drykk en það eru færri staðir þar sem hægt er að drekka bjór í leðurbuxum við dúndrandi týrólatónlist.

Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ UMHVERFIÐ

Töluvert hefur borið á orðinu umhverfisvernd í umræðunni undanfarið, einkum í tengslum við virkjanaframkvæmdir og stór-íðju. Sitt sýnist hverjum í þeim efnum en flestum (heilvita mönnum) ber þó saman um að huga þurfi að náttúrunni svo komandi kynslóðir geti búið við svipuð lífsgæði og við gerum nú. Ekki viljum við að lesið verði um hreina og fallega náttúru í námsbókum eftir 50-100 ár eins og risaöldur, mammúta og önnur forsöguleg fyrirbrigði. Maður þarf þó ekki endilega að grípa til róttækra aðgerða til að stemma stigu við slíkrí þróun. Hlutir, sem virðast kannski smámunir, geta gert gæfumuninn.

VERTU ÞÉR ÚTI UM SÖGU AF BARBAPABBA til að lesa fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina - eða bara sjálfan þig. Fyrir utan að þetta séu frumlegar og skemmtilega skrifaðar bækur, eru þær stútfullar af góðum boðskap, sem ætti meðal annars að opna augu stórra og lítilla lesenda (og áheyrenda) fyrir umhverfisvernd.

EF ÞÚ ERT FYRIR LÍFRÆNA FÆÐU, hvernig væri þá að fullkomna máltíðina með því að bera hana fram með umhverfisvænum búsaðhöldum, eins og þessum sem fást í IKEA?



KOLTVÍSÝRINGS-ÚTBLÁSTUR 113 þúsund metanbílar jafnast á við koltvísyringsútblástur eitt þúsund bensínknúinna bíla, eins og fram kemur á heimasíðu Sorpu. Eldsneytiskostnaður metanbíla er lægri og metan hættuminni orkugjafi en bensín. Hljómar kannski eins og í framtíðarskaldsögu, en metanbílar hafa verið í notkun á Íslandi síðan árið 2000.

heitt & kalt

VESTI Klæða bæði stelpur og stráka vel og eru flott við öll tækifæri.

ÁHUGAMÁL Allir ættu að eiga sér að minnsta kosti eitt uppbyggilegt áhugamál.

SÓLGLERAUGU Það er ekkert svalt við að vera með sólgleraugu úti í rigningunni á haustin en það getur verið gott að hafa þau í bílnum ef sólin fer að skína.

FLOTTRÆFILSHÁTTUR Það er bara asnalegt að steypa sér í skuldir til þess að reyna að uppfylla einhverjar fáránlegar kröfur um lífsmáta.

HRAÐAKSTUR Við vitum öll hvaða afleiðingar hann getur haft svo keyrum bara á löglegum hraða og miðað við aðstæður hverju sinni.



HREINLÆTISVÖRURNAR FRÁ SONETT, sem fást í Yggdrasli, eru gerðar úr lífrænum efnum og leysast fullkomlega upp úti í náttúrunni á tiltölulega stuttum tíma.

NÆST ÞEGAR ÞÚ KAUPIR FÖT hafðu í huga að þekktir tiskuhönnuðir eins og Stella McCartney sameina oft fallega hönnun og umhverfisvernd í fótum, gerðum úr lífrænni bómull og endurunni pólýester.





Hver segir að einn hamborgari sé nóg?

Við fengum okkur borgara. Gripum tækifærið, svona einu sinni. Komnar með upp í háls af salati og vítamínvatni. Röðuðum í okkur frönskum og skoluðum niður með gosi. Svo þegar við vorum búnar litum við hálf skömmustulegar hver á aðra – og pöntuðum annan.

FILIPSTIA

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



brennslan mín ...
Margrét Kristín Sigurðardóttir

Glás af góðum lögum

Margrét Kristín Sigurðardóttir söngkona, sem þekkt er undir nafninu Fabúla, er önnum kafin við kynningu á nýrri plötu, *Dusk*, og hlakkar til að spila í sem mestri nánd við áheyrendur, en útgáfutónleikar verða í Tjarnarbíói 24. nóvember. Hún segist heilluð af orkunni og gróskunni sem hefur einkennt íslenskt tónlistarlíf að undanförunu. „Það er stórmerkilegt hvað margt spennandi er í gangi,“ segir hún og bætir við að engu líkara sé en að einhver sprenging hafi átt sér stað. Margrét var beðin um að velja uppáhaldslögin sín og segist hún hafa sett glás af góðum lögum í poka, hrist og dregið upp eftirfarandi lista.

- LAG 1** **Falling backwards - Fairground Attraction.** Eitt af þessum frábæru lögum eftir Mark Nevin, gítarleikara hljómsveitarinnar. Synd að hljómsveitin skyldi hætta, því hún hafði einstakan hljóm og anda.
- LAG 2** **My One and Only Love - Ricky Lee Jones.** Ódauðlegt lag eftir Guy Wood og Robert Mellin. Er í einstökum flutningi Ricky Lee Jones á plötu hennar Pop Pop.
- LAG 3** **Mr. Zebra - Tori Amos.** Af öllum hennar konfektmolum er þessi einnar mínútu langi moli með þeim betri. Er á plötunni Boys for Pele.
- LAG 4** **Northwind - Hanne Hukkelberg.** Tékkið á henni á MySpace. Frábærar lagasmíðar og sérstakur flutningur.
- LAG 5** **She Makes Me Feel Good - Lyle Lovett.** Hlustaði mjög mikið á Lovett á tímabili. Fer beint í fingurna, fæturna og mjaðmarnar!!!
- LAG 6** **Farewell Your Heart - Sol Seppy.** Var að uppgötva þessa um daginn. Mjög vel þess virði að hlusta á!
- LAG 7** **Rain One - Cirque de Soleil.** Einstakur hópur sviðslistamanna sem setur upp sýningar víða um heim. Rain One er úr sýningu sem hét Varekai.
- LAG 8** **School - Supertramp.** Varð að hafa þetta með. Ein af þessum ódauðlegu útsetningum. Fæ alltaf gæsa húð þegar barnið öskrar og lagið fer á flug.
- LAG 9** **I'll Be There - Pétur Ben.** Heyrói þetta lag um daginn og það sat í mér í nokkra daga. Algjör perla.
- LAG 10** **Can You See - Single Drop.** Seiðandi og gullfallgett. Tékkið líka á þessu á MySpace.



» **birta mælir með ...**

... **ASHTANGA VINYASA JÓGA HJÁ YOGA SHALA** Auk þess að anda og blása og teygja á öllum líkamanum er Ashtanga jóga hörku líkamsrækt sem vert er að prófa. Ingibjörg Stefánsdóttir kennir hjá Yoga Shala og hjálpar stírdum vinnumaurum að liðka sig og öðlast hugarró.



... **LA LA LA, NÝJA DISKNUM HENNAR HILDAR VÖLU** Þar sem einstök rödd hennar fær að njóta sín til hins ýtrasta. Loks kom að því að hún gaf út annan disk og ætti hún ekki að valda aðdáendum sínum vonbrigðum með þessum skemmtilega alíslenska, pínu Spilverkslega disk.

... **TALLADEGA NIGHTS.** Fyrir alla aðdáendur Wills Farrell er þessi mynd algjör nauðsyn. Fyrir þá sem hafa gaman af almennum vitleysisgangi er myndin líka hin besta skemmtun. Sacha Baron Cohen (Ali G og Borat) kemur skemmtilega á óvart í hlutverki Formúlu 1-snillingisins Jean Girdard.



Afmæli prinsessunnar

NÝTT

Fyrir tveimur árum kom út bókinn Svona gera prinsessur, sem er nútímaleg útgáfa af sögunni um prinsessuna, prinsinn, drekann og konungsríkið. Allar þær bleiku prinsessur sem tóku þeirri bók fagnandi geta glaðst enn frekar því nú er komin ný bók um þessa skemmtilegu prinsessu sem fellir dreka og bjargar prinsum eins og ekkert sé, og ber hún titilinn Afmæli prinsessunnar. Per Gustavsson, höfundur og teiknari bókarinnar, sá sér ekki annað fært en að skrifa þessa bók, sérstaklega þar sem sú fyrri hitti beint í mark. Í Afmæli prinsessunnar segir hann frá því þegar prinsessan fagnar afmæli sínu og prinsessuafmæli eru engin venjuleg afmæli. Prinsessuafmæli krefjast mikillar skipulagningar, ekki síst ef maður á enn eftir að þrifa eftir síðustu afmælisveislu! Þegar prinsessur eiga afmæli fara þær snemma á fætur. Það þarf að þrifa stóra veislusalinn, skoða á veislukassann, skreyta tertur og smákökur. Því þannig gera prinsessur. Bókin er gefin út af Bjarti og kostar 1.980 krónur.



THE SHOE STUDIO

Shoestudio | Kringlunni | sími: 517 3190 | www.shoestudiogroup.com



13.990 kr.



13.990 kr.



11.990 kr.



11.990 kr.



12.990 kr.



13.990 kr.



11.990 kr.



12.990 kr.

25% afsláttur af herraskóm í október

Bertie

Skemmtilegt að sjá hlutina í notkun

Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir hefur alla tíð haft þörf fyrir að skapa hluti með huga og höndum og sú þörf hefur fleytt henni langt.

Á leðurverkstæðinu hennar Jórunnar gefur að líta hin ólíkustu skinn og ýmislegt sem hún notar til skreytinga á sína vöru. Hún rekur verslunina Textíl gallery í Skippholti 21 (Nóatúnsmegin) ásamt Þórunni Símonardóttur textílhönnuði. Jórunn framleiðir samt undir merkinu Litla flugan enda hafði hún stofnað það fyrirtæki áður en verslunarreksturinn kom til. „Við erum búnar að vera með búðina í þrjú og hálf ár. Ég greip tækifærið þegar Þórunn kom með þá hugmynd að við settum upp gallerí,“ segir hún og heldur áfram. „Áður var ég með mína framleiðslu á borðstofuborðinu heima hjá mér en það er mjög þrúgandi og allir verða rosalega leiðir á því. Þessu starfi fylgir líka svo mikill óþrifnaður, þannig að ég var fljót að slá til. Við Þórunn erum báðar með verkstæði hér sem er þvílíkt gott. Þá erum við bæði að framleiða og selja út úr galleríinu jafnframt. Við vildum ekki steypa okkur í skuldir til að gera það sem okkur langaði til en þetta gengur vel og það er alltaf að verða meira og meira að gera. Við vorum að koma af stórrí sýningu í Frakklandi þar sem íslensk hönnun var kynnt og það var mjög skemmtilegt.“

Leðurmunir eftir Jórunni hafa heillað marga. Þeir hafa verið til sölu hjá gullsmiðunum Siggu og Timo í Hafnarfirði í mörg ár og púðar eftir hana fást líka í Tekkhúsinu. Hún er að mestu sjálfmenntuð í faginu en hvað skyldi hafa att henni út í leðuriðju? „Það var rosalegur áhugi á því að skapa hluti sem varð til þess að ég lagði þetta fyrir mig. Sá áhugi var snemma áberandi. Ég byrjaði sem unglingur að sauma fót eins og ég sá í búðunum en hafði ekki efni á að kaupa mér. Þá var ódýrara að kaupa sér efni og sauma heldur en kaupa tilbúinn fatnað. Nú hefur það algerlega snúist við enda er heimasamur á miklu undanhaldi sem er alger synd. Ég geri þó alltaf eitthvað af því að sauma, svona með öðru. Mér finnst svo gaman að búa til flíkur.“

Leðrið og annað sem til þarf í framleiðsluna á verkstæðinu kveðst Jórunn panta að mestu erlendis frá. „Ég fæ líka svolítið af skinn- um hér heima og þá einkum Sauðárkróki, þar er ennþá súttun. Svo hafa veiðimenn gaukað að mér hreindýraskinnnum.“ Ljóst er að Jórunn er á heimavelli í leðuriðjunni og hún er kankvís þegar hún trúir blaðamanni fyrir því sem henni finnst frábærast af öllu í sambandi við starfið. „Mér finnst skemmtilegast þegar ég fer í bæinn, í leikhús eða hvert sem er að sjá konur með einhvern hlut sem ég hef búið til. Ég get snúist í hringi kringum konur sem ég þekki ekki neitt en eru hamingjusamar með tösku frá mér. Ég fæ mikið út úr því.“



Mynd: ANTON



KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipilinn fyrir almenningsalarni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Hélt ég kynni ekki að leika

Ágústa Eva Erlendsdóttir er vafalaust sú íslenska leikkona sem mesta athygli hefur vakið fyrir störf sín á undanförunum mánuðum. Kannski er það engin furða því listagyðjan virðist hafa úthlutað þessari ungu konu ríkulegum skammti af listrænum hæfileikum í vöggugjöf. Margir hafa því beðið þess með eftirvæntingu að fá að sjá hana í hlutverki Evu Lindar í Mýrinni, en Mýrin verður frumsýnd í næstu viku.

Ágústa var nýlega vöknud þegar ég kom til hennar þar sem hún býr í lítilli, sætri íbúð í ægifögru timburhúsi í Þingholtunum. Við röltum af stað niður í bæ og reyndum að finna kaffihús sem var opið og á sama tíma heppilegt til þess að taka viðtal (fámennt og rólegt). Annaðhvort var of troðið á stöðunum eða of mikill hávaði svo þetta varð svolítið flókið. Við enduðum á Enricos. Þar var reyndar enn ekki búíð að opna ... en starfsfólkið leyfði okkur samt sem áður að kíkja inn. Innréttingarnar á Enricos minna svolítið á heimili velmegandi heildsala á Seltjarnarnesi. Styttur og listaverk, kristalsljós og steinaðir veggir. Við settumst í plusssofa í notalegu horni. Ágústa krosslagði fæturna, við pöntuðum kaffi og appelsínusafa og byrjuðum að spjalla.

Hún segir að sér hafi þótt mjög skemmtilegt að prófa að leika í bíómynd, en Mýrin er frumraun hennar á hvíta tjaldinu. „Reyndar fór ég prufu fyrir myndina Hin helgu vé þegar ég var krakki og var ein af þremur sem var valin úr sem mögulegur leikari, en þegar mamma og pabbi lásu handritið þá leist þeim ekki á blikuna og bönnuðu mér að leika í myndinni. Ég varð ferlega svekkt, en sýni þessu þó skilning í dag. Þau vildu bara ekki að ég fengi að fylgjast með fólki sem var í einhverjum kynlífssenum inni í hlöðu,“ segir Ágústa og hlær.

Um aðdraganda þess að Baltasar Kormákur fékk hana til að leika hlutverk Evu Lindar í Mýrinni segir Ágústa að kynni með þeim hafi fyrst orðið þegar hún passaði börnin hans á Laufásborg. „Hann hringdi bara í mig og bað mig að koma í prufu. Ég held að hann hafi munað eftir mér frá því ég var að vinna á Laufásborg, og svo hefur hann eflaust líka séð mig leika eitthvað. Í fyrri prufunni las ég á móti Balta en í þeirri seinni las ég á móti Ingvari Sigurðssyni. Stuttu síðar var ég ráðin í hlutverkið.“

Hún segist m.a. hafa undirbúið sig fyrir hlutverk sitt með því að lesa nokkrar bækur eftir Arnald og spjalla við fólk sem hefur farið í gegnum eiturlyfjafraðhvörf, en í myndinni er Eva Lind einmitt að fara í gegnum slíkt tímabil. „Ég gróf líka upp alla mína vanlíðan og bjó til einn pakka sem ég geymdi inni í mér og dró svo fram þegar ég lék þessa persónu. Þegar ég fór í prufurnar þá passaði ég líka upp á að vera alveg nývöknud. Þambaði kók í „morgunmat“ og reykti mikið af sígarettum, þannig að ég var hálf taugaveikluð og ekki í neitt sérstaklega góðu líkamlegu formi. Þegar maður borðar mikið súkkulaði og drekkur mikið kók þá verður maður einhvern veginn dofinn í líkamanum. Þetta gerði ég líka stundum fyrir tókur, en þó án þess að fara út í einhverja öfuga,“ segir hún og bætir því við að stundum hafi verið strembið að leika Evu Lind: „Það gat verið erfitt að

komast á þetta plan sem hún er á en sem betur fer var hún heldur ekkert að loða við mig á milli þess sem við tókum upp. Ég var reyndar alveg með þetta heróín útlit, en eftir að ég var búin að tengjast persónunni og finna henni stað inni í mér þá gat ég bara sótt hana á meðan upptökur voru í gangi og skilið hana svo eftir á upptöku-stað þess á milli.“

ERLENDUR OG ERLENDUR

Til að kynna persónunni Evu Lind betur, las Ágústa fleiri bækur eftir Arnald þar sem Erlendur, Eva Lind og félagar koma við sögu. Hún segir margt hafa komið sér á óvart við lestur bókanna og þá kannski sérstaklega lýsingarnar á Erlendi. „Það er í raun hálf dularfullt hversu mikill samhljómur er á milli ákveðinna þátta í mínu eigin lífi og þessum sögum Arnaldar. Til dæmis heitir pabbi minn Erlendur og er á margan hátt mjög líkur Erlendi í bókunum. Til dæmis er pabbi minn hægur og hlýr maður sem kann mikið af sögum af fólki frá því í gamla daga. Erlendur í bókum Arnaldar hefur að sama skapi mikinn áhuga á sögum af fólki sem verður úti, en pabbi kann mjög mikið af þannig sögum og segir mér þær oft þegar við erum að keyra saman í sveitinni. Eva Lind á líka bróður sem er ári yngri en hún og það sama á við um mig, svo eru foreldrar hennar fráskildir og mínir líka. Fyrir



„Árum saman reyndi mamma að kenna mér margföldunar-töfluna. Mér hefur enn ekki tekist að læra hana enda langar mig ekki til þess.“

utan þetta allt þá heiti ég náttúrliga Eva Erlendsdóttir. Ég er nú samt ekki jafn erfið og Eva Lind, það eru allavega ekki allir búnir að gefast upp á mér ennþá,“ segir Ágústa og skellir upp úr.

ANNAÐ SÆTI Í ALÞJÓÐLEGRI HÆFILEIKAKEPPNI

Ágústa Eva segir leiklistarferil sinn hafa byrjað fyrir alvöru þegar hún starfaði með Leikfélagi Kópavogs. Þar fann hún fyrst fyrir því að hún hefði brennandi áhuga á leiklistinni, en stuttu áður hafði hún tekið þátt í alþjóðlegri hæfileikakeppni í New York, þar sem hún lenti í öðru sæti yfir bestu sápuóperu leikkonurnar.

Um aðdraganda þess að hún fór í þessa keppni segir Ágústa: „Ég hafði fengið leið á skólanum og var bara eitthvað að vinna á Aktu Taktu við að steikja hamborgara. Stóð þar með kál í hárinu og sinnep í peysunni eins og almennilegum lúða sæmir. Vinur minn sem var að taka þátt í hárgreiðslukeppni, og fékk mig til að vera módel, hafði heyrt af þessari keppni og ég ákvað í einhverju flippi að slá til og skrá mig í hana. Þetta var reyndar alveg hrikalega dýrt ævintýri sem kostaði mig allt Aktu Taktu kaupíð, en ég sá samt ekki eftir þessu því þetta er einhver furdulegasta uppákoma sem ég hef lent í. Þarna var fólk á öllum aldri. Þriggja ára stelpur í ballerínubúningum sem voru barðar áfram af mæðrum sínum og fullorðið fólk með leðurgrifflur og í skræpóttum reiðhjólambuxum að syngja lög eftir Westlife. Í þessari hæfileikakeppni var keppt í mörgum



riðlum, meðal annars leggjafegurð og sundbolakeppni ungbarna, en sá riðill sem ég fór í gekk út á sápuóperuleik. Keppnin gekk þannig fyrir sig að ég fór í eitthvað herbergi og lék stelpu sem var að hætta með kærastanum sínum. Þessu var varpað á stóran skjá frammi í sal þar sem áhorfendur gátu séð þetta og svo fór að ég lenti í öðru sæti ... þannig að ég hefði í raun getað orðið sápuóperuleikkona í New York, en sem betur fer lét ég ekki verða af því. Enda bara sextán ára.“

TRUKKALESBÍA OG BÆJARFÍFL

Að fara hefðbundnar leiðir í lífinu er ekki eitthvað sem Ágústa Eva hefur lagt sig fram um að gera. Hún fékk reglulega leið á framhaldsskólanámi, skipti um skóla, flutti á milli staða og var órög við að máta sig við nýjar aðstæður. Spurð að því hvort

hún hafi klárað menntaskólann segist Ágústa ekki hafa haft þolinmæði til þess, enda langaði hana bara til að gera og læra það sem hún hafði raunverulegan áhuga á. „Árum saman reyndi mamma að kenna mér margföldunartöfluna. Mér hefur enn ekki tekist að læra hana enda langar mig ekki til þess. Upp úr þessu einsetti ég mér að komast í gegnum lífið án þess að læra stærðfræði og hef staðið föst á því. Ég vildi líka fá göt í eyrun þegar ég var sex ára, en mátti það ekki. Þetta gerði mig svo þrjóska að ég beir það í mig að fá mér aldrei nokkur tíma göt í eyrun svo lengi sem ég lifi og ætli þetta lýsi mér ekki bara ágætlega. Það er því harla ólíklegt að ég eigi eftir að enda með stúdentshúfu og eyrnalokka í framtíðinni,“ segir Ágústa. Hún segist hafa heyrt margar sögur af sinni eigin menntun, en að engin þeirra



Parket og flísar

í miklu úrvali



Flott fyrir þig

PARKI.IS | DALVEGI 18 | 201 KÓPAVOGI





„Þegar ég var að leika í myndinni þá hafði ég litla tilfinningu fyrir því sem ég var að gera því ég sá mig aldrei á skjánum. Ég hef enn ekki séð neitt og kannski á ég eftir að pissa í buxurnar á frumsýningunni.“

og fékk í staðinn mikla útrás. Svo ferðaðist ég með leikfélaginu út um allan heim á alls konar leiklistarhátíðir og við settum upp margar skemmtilegar sýningar. Á þessum ferðalögum sá ég sýningar sem ýttu undir áhuga minn á leiklistarheiminum. Ögrandi verk sem fengu mig til að sjá nýjar hliðar á þessari veröld.“

HLAKKAR TIL FRUMSÝNINGAR

Í Mýrinni er Ágústa langt frá því að vera í grínhlutverki enda er Eva Lind hálf tragísk persóna og ekkert fyndið við hennar tilveru. Ágústa segir að hún hlakki mikið til að sjá Mýrina enda hefur hún ekkert séð af upptökunum enn sem komið er. „Ég veit ekki hvernig þetta á eftir að koma út. Þegar ég var að leika í myndinni þá hafði ég litla tilfinningu fyrir því sem ég var að gera því ég sá mig aldrei á skjánum. Ég hef enn ekki séð neitt og kannski á ég eftir að pissa í buxurnar á frumsýningunni. Þetta var rosalega gaman og það verður eflaust enn skemmtilegra að sjá árangurinn af þessu starfi. Reyndar skilst mér á fólki að þetta sé besta mynd Baltasars til þessa. Það verður því mjög spennandi að sjá útkomuna,“ segir þessi frábæra leikkona að lokum og satt best að segja efast ég um að hún eigi eftir að pissa í buxurnar á frumsýningunni. Hún hefur margsinnis sýnt það og sannað að hún er afburða góð leikkona. Í það minnsta hefur henni tekist að hrífa og hrista upp í allri þjóðinni með leik sínum og því góðar líkur á að það takist eina ferðina enn, þegar hún birtist í fyrsta sinn á hvíta tjalduin í hlutverki Evu Lindar.

eigi við rök að styðjast. Meðal annars átti henni að hafa verið neitað um innngöngu í Leiklistarskóla Íslands og önnur saga segir að hún hafi menntað sig í Bandaríkjunum.

„Ekkert af þessu er rétt. Eini skólinn sem ég hef áhuga á að fara í núna er kannski skóli sem Ágústa Skúladóttir, leikstjóri, starfar við í Frakklandi. Þetta er svona öðruvísi leiklistarskóli. Í raun hálfgerður trúðaskóli þar sem gert er út á að skapa ýkta karaktera, en það er líka rosalega góður grunnur fyrir áframhaldandi grínleik, hvort sem er í kvikmyndum eða á sviði. Af einhverjum ástæðum hef ég yfirleitt alltaf leikið slíkar persónur. Hjá Leikfélagi Kópavogs lék ég marga gróteska og stóra karaktera og ég hef fundið að slíkur gamanleikur, eða að leika svona ýktar persónur, hentar mér nokkuð vel. Ég lék t.d. kynóða þýska ráðskonu sem notar kryppling að nafni Igor á ósiðlegan hátt, trukkalesbíu sem kúkar á

sig, bæjarfífl, málleysingja og fleiri furðufugla,“ segir Ágústa kímín og fær sér sopa af appelsínusafanum.

FÉKK ÚTRÁS Í LEIKLISTINNI

Þrátt fyrir að hafa leikið í ýmsum skóla-leikritum (og farið í prufu fyrir Hin helgu vé) segir Ágústa Eva að hún hafi ekki fundið leiklistaráhugann brenna á sér fyrir alvöru, fyrr en hún fór að sýna og ferðast með Leikfélagi Kópavogs. „Ég tók aldrei mark á því að ég gæti leikið eitt-hvað ... mér fannst ég allavega aldrei hafa tilfinningu fyrir því. En þegar ég fór í Leikfélag Kópavogs, bæði til að prófa og vera skemmtileg við vin minn sem var alltaf að hvetja mig til að koma, þá fann ég hvað mér fannst þetta gaman og hvað það er í raun ekki mikið mál fyrir mig að leika. Maður setur sig alltaf í einhverjar stellingar og verður hræddur við hlutina, en þarna hætti ég að vera hrædd við þetta



Taktu upp nýja siði heilsunnar vegna!

Aðeins þú getur mótað líkama þinn, en **Special K** stendur með þér alla leið við að koma þér í framtíðarform. Það er nefnilega aldrei of seint að taka upp nýja og góða siði.

Settu þér raunhæf markmið og farðu rólega af stað, til dæmis með því að stunda göngu, skokk eða sund. Það er góður og heilbrigður siður að borða reglulega skál af **Special K**, sem er troðfullt af vítamínum og trefjum en veitir þér jafnframt kraft til að hreyfa þig og standast eril dagsins.

Special K - með þér í heilsuátaki til framtíðar.



Karamellukaka

... namm. Ótrúlega góð. Minnir á gamla tíma og barnaafmæli þegar kökur þöktu borðin. Frábær kaka til að baka fyrir fjölskylduna um helgar. Volg og ótrúlega mjúk kakan bráðnar í munni. Einfaldur smjörbotninn er hins vegar frábær í mjög margt annað en til að nota með karamellu. Það er um að gera að strá yfir hann berjum og skvetta smá þeyttum rjóma yfir. Aðrir ferskir ávextir eru líka góðir með, mascarpone-ostur eða ís. Karamellukrem er klassík. Karamellan er einnig góð á muffins, dreypt yfir bakaða ávexti og ávaxtasalat.

SMJÖRBOTN

1/3 b sykur
75 g smjör
2 egg
1 b. hveiti
2 tsk. lyftiduft
smá salt
1/3 b mjólk

Hrærið saman sykur og smjör og loks egg, þar til létt og ljóst. Þá fara þurrefnin út í blönduna sem og mjólkinn. Bakið við 175 gráðu hita í tuttugu mínútur. Setjið karamelluna yfir þegar kakan er volg en það er best að bera hana þannig fram.

KARAMELLA

¼ l rjómi
120 g sykur
2 msk. síróp
30 g smjör
vanilludropar

Sjóðið saman rjóma, sykur og síróp við vægan hita þar til blandan tekur að þykkna vel. Það tekur um 15-20 mínútur. Takið þá pottinn af hellunni, hrærið smjórið saman við og setjið örlítið af vanilludropum út í. Látið kólna aðeins áður en þið smyrjið yfir botninn.



Uppskerudagar í Vínbúðum



Fjögur stórgóð vín á **lækkuðu verði**



Lækkað verð
1.190 kr.

Lindemans Bin 50 Shiraz

Dökk-fjólurautt vín með góðri fyllingu. Þurr, sýruríkt og nokkuð tannín. Kryddaður berjakeimur og mild eik.
www.lindemans.com



Lækkað verð
1.110 kr.

Wolf Blass Eaglehawk Shiraz

Kirsuberjarautt vín með meðalfyllingu. Þurr og milt, lítið þroskað tannín. Karamellukennd rauð ber. Vín með löngu eftirbragði.
www.wolfblass.com

Lækkað verð
3.270 kr.
3 lítrar



Devils Rock Riesling


Föl-gulgrænt vín. Létt og þurr, með frísklegum ávexti; peru, melónu, ananas og sítrónu.
3 lítrar = 24 glös
www.devils-rock.com



Lækkað verð
3.460 kr.
3 lítrar

Lindemans Shiraz Cabernet

Dökk-fjólublátt vín með mjúkri fyllingu. Þurr og milt með lítið tannín og sætkrydduðum berjakeim.
3 lítrar = 24 glös
www.lindemans.com



TWO OCEANS: *Afríkuvín á afbragðsverði*

Einhver hagstæðustu vín á markaðinum í dag eru frá Suður Afríku. Two Oceans eru aðgengileg og fersk vín frá Suður Afríku á mjög góðu verði og sérstaklega hafa þau slegið í gegn í kössum enda óvenjulegt að kassavín séu jafn frambærileg. Two Oceans vínin draga nafn sitt af stóru höfunum tveimur, Indlandshafi og Atlantshafi, en þau mætast fyrir sunnan Höfðaborg. Þrúgurnar sem notaðar eru í Two Oceans vínin koma frá vínekrunum við strandlengju Góðrarvonarhöfða en þar er loftslag ekki ósvipað og þekkt við Miðjarðarhafið.


Strandlengjan er blessuð með svölum vindi yfir daginn og köldum nóttum þannig að þrúgurnar ná að halda ferskleika sínum. Góður jarðvegur í Stellenbosch og lega víngarðanna hjálpa einnig til að gæðin séu eins og best verður á kosið. Two Oceans vínin eru með miðlungs fyllingu, fersk og aðgengileg og henta þar af leiðandi mjög vel í móttökur en einnig með léttari fisk og kjötréttum. Fjölmörg vín frá Two Oceans fást í Vínbúðum.

Vert er að vekja athygli á að því að kassavínid Two Oceans Sauvignon Blanc er á lækkuðu verði þennan mánuðinn í tilefni uppskerudaga í Vínbúðum. Þar er þrúgan sauvignon blanc ein af fjórum þrúgum sem kynnt er sérstaklega. Suður-afrísk hvítvín þykja með þeim bestu í heimi og óvída hefur náðst jafngóður árangur með sauvignon blanc þrúguna.



FALLEGAR HAUSTVÖRUR

KYNNING



1. SPARKZ - KRINGLUNNI. KR. 2.990
2. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 3.690
3. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 2.990
4. SPARKZ - KRINGLUNNI. KR. 2.990
5. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 7.390
6. KISS - KRINGLUNNI. KR. 6.990
7. SPARKZ- KRINGLUNNI. KR. 6.990
8. KISS - KRINGLUNNI. KR. 6.990
9. BENETTON/SISLEY - SMÁRALIND.
TASKA KR. 6.395, BELTI KR. 3.795, HÁLSMEN KR. 2.295
10. SPARKZ - KRINGLUNNI. KR. 7.990
11. NEXT - KRINGLUNNI. KR. 4.290
12. GALLABUXNABÚÐIN. KR. 2.950





FAGRA LITLA DISKÓ DÍSIN sem Lónlí blú bojs sungu um á sínum tíma myndi eflaust njóta sín í þessari múnderingu. Fjólubláar nærbuxur úr Knickerbox, perlufesti frá Ice in a Bucket og budða frá Accessorize.



LÚXUSKISAN nýtur sín best þegar hún er skreytt semalústeinum og svörtum blúndum. Nærbuxur frá Knickerbox, DKNY úr og hálsfesti frá Meba í Kringlunni, eyrnalokkar frá Accessorize og augnhvíla með silfurlituðum stjörnum frá La Senza.

Ertu ein heima?

Konur hafa gaman af því að máta föt og skartgrip. Hvers vegna ekki að prófa að smella sér í falleg nærföt og velja svo skartgrip í stíl?

GRÁTT OG TÚRKISBLÁTT eins og hafið í ljósaskiptunum. Sætar og þægilegar nærbuxur frá La Senza og skart og hárklemma frá Accessorize.



BLEIKT OG BRÚNT eru litir sem fara vel saman. Bleikar og brúnar blúndunærbuxur frá La Senza, skartgripir og veski frá Accessorize.



ÞÚ BERÐ HANN EKKI UTAN Á ÞÉR



Í 100 ML AF VÍKING LITE:
PRÓTEIN 0.36 G
KOLVETNI 0.8 G
HITAEININGAR 29 KKal.

Gull og meira gull

Við fáum ekki nóg af gullinu sem er allsráðandi í tískunni. Farðu alla leið með því að vera í gylltum kjól, gullskóm og með gyllta skartgripi eins og Beyoncé, eða poppaðu upp svartan kjól með gylltum kraga eins og Cate Blanchett. Gullið er líka flott í beltum, eða hlýrum á kjólum eða hvar sem því er við komið í fatnaðinum. Hversdags er það flott á strigaskóm eða beltum, en fyrir árshátíðina er hægt að skarta síðum gullkjól eins og Eva Mendez.



Carmen Electra kann að nota gullið til að draga að sér athygli.



Cate Blanchett með gylltan palliettukraga á kjólnum.



Beyoncé Knowles í gylltu frá toppi til täär.



opnum glæsilega
evans verslun í Kringlunni

evans býður upp á hátískuvörur
í stærðunum 16-32

frábær opnunartilboð

evans.

sími 522 8400

Leiksýning fyrir litlu börnin

Nú eru þær vinkonur Skoppa og Skríttla komnar í Þjóðleikhúsið þar sem börn á öllum aldri geta fylgst með þeim. Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir leika Skoppu og Skríttlu og eru jafnframt höfundar verksins.

Hrefna og Linda höfðu unnið saman í ýmsum barnaleikritum áður en Skoppa og Skríttla urðu til. Hrefna átti hugmyndina að þeim vinkonum og hafði samband við Lindu og fékk hana í lið með sér. „Ég fékk þessa hugmynd þegar ég var með eldri strákinn minn Lítinn,“ segir Hrefna. „Hann horfði á Stubbana en ekkert annað því þegar börn eru svona lítill vilja þau hafa allt í þrívídd og horfa ekki á teiknimyndir. Mér fannst vanta eitthvert uppbyggilegt, fræðandi og skemmtilegt efni fyrir börn á íslensku. Ég hugsaði með mér að ég yrði bara að gera eitthvað í þessu sjálf og fékk Lindu með mér í það,“ segir hún.

Hrefna og Linda höfðu báðar mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig persónur Skoppa og Skríttla ættu að vera. „Okkur fannst að þetta yrðu að vera persónur sem kæmu bara með eitthvað fallegt, eins og gleði og náungakærleik. Við vildum koma með þessa fallegu sýn á lífið og tilveruna sem okkur finnst að börn eigi að fá í ótakmörkuðum mæli því þau eru að byggja upp persónu sína og lífssýn. Ef að við getum fyllt þau af gleði og einhverju fallegu þegar þau eru svona lítill þá hlýtur það að skila sér seinna,“ segir Hrefna. „Það eru engin læti í kringum Skoppu og Skríttlu heldur er allt svona mjúkt og notalegt og tónlistin mjög falleg og þægileg,“ bætir Linda við.

Áður en Skoppa og Skríttla fóru að vera með fasta þætti í sjónvarpinu komu þær fram á myndbandi fyrir börn. „Við unnum spóluna í samstarfi við Húsdýragarðinn því við vildum höfða til allra minnstu barnanna. Við vildum að dýrin og tónlistin fengju að njóta sín og að það væri mikið af börnum, því að börn hafa svo gaman af því að horfa á dýr og önnur börn.“ segir Hrefna. „Við förum síðan út í sjónvarpsþættina sem eru allir svona þematengdir en í hverjum þætti er einhver fræðsla og örvun, tónlist, dans, litir og tölustafir. Þættirnir gengu mjög vel og slógu svona svakalega í gegn,“ segir Linda. „Svo af því að við erum báðar mjög tengdar leikhúsinu fannst okkur alveg ófært að Skoppa og Skríttla væru bara til í sjónvarpinu þannig að það fór allt af stað að koma þeim



Hrefna og Linda eru mjög ánægðar með að Skoppa og Skríttla skuli vera komnar í leikhúsið.

í leikhúsið. Við fengum inni í Þjóðleikhúsinu og nú er þetta bara allt komið á koppinn,“ segir Hrefna.

Sýningunum í Þjóðleikhúsinu hefur verið vel tekið og allir hafa verið mjög ánægðir. „Gleðin á sýningunum er mjög mikil og það er svo gaman. Fullorðnir skemmta sér svo vel af því að börnunum finnst gaman og við höfum svo gaman af því að leika af því að þeim finnst svo skemmtilegt,“ segir Linda. „Þegar maður er að leika fyrir börn skiptir mestu máli að maður hafi gaman af því sjálfur og þetta sé eitthvað sem maður er að gera frá hjartanu,“ bætir Hrefna við.

Þær stóllur hafa í nógu að snúast þessa dagana því Skoppa og Skríttla eru alltaf að verða stærra og stærra verkefni. „Við erum að hefja sölu á Skoppu og Skríttlu búningum og litlum brúðum sem hægt verður að kaupa í leikhúsinu,“ segir Hrefna. „Eftir áramót förum við svo aftur af stað með nýja þætti í sjónvarpinu auk þess sem við erum með bækur um Skoppu og Skríttlu í bígerð,“ segir Linda.

Sýningar á Skoppu og Skríttlu verða í Þjóðleikhúsinu út nóvember en þá verður tekið hlé fram yfir áramót. Birta mælir eindregið með að allir sem vilja eiga skemmtilega og notalega stund með fjölskyldunni gefi sér tíma til þess að fara og sjá vinkonurnar á sviðinu.



*Bakarí
fyrir
sælkera*

*Opnum aftur stórglæsilega verslun
okkar að Háaleitisbraut 58-60
föstudaginn 13. október kl 10:00*



Bjóðum alla velkomna

www.mosfellsbakari.is

Hollustuna heim!

Hollur og góður kinamatur, stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpstektar rækjur
Original hot and
sweet svínakjöt
Snóggsteikt rautakjöt
í ostrusösu
Kínverskar
eggjanóður
m/kjúklingi og
grænmei
Hrisgrjón, súrsat
sósa, prjónar og
soya sósa

1.345 á mann
2.500 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpstektar rækjur
Peking kjúklingur
m/kínaveppum
Wok steikt lambakjöt
m/svartbauna-
sósu
Original hot and
sweet svínakjöt
Hrisgrjón súrsat
sósa, prjónar og
soya

1.445 á mann
2.500 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjaparty

Konton svínarífl
Hrisgrjón, prjóna
og soya
poki af Maasud

1.250 á mann
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspörtnin er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarförd.

Opíð: mán-fimmtudaga 12-21.30, föstu og laugardaga 12-22.30
sunnudaga 17-21.30, www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399



Texti: MARGRÉT HUGRÚN

Uppskrift að slökun

„Slappaðu af“ söng Jónas R. Jónasson með hljómsveitinni Flowers á sínum tíma. Hugsanlega var hann að hvetja einhverja vinkonu sína til að fara í bað, róa taugarnar og ná úr sér stressi, enda er fátt auðsóttara en að láta renna í karið og koma sér vel fyrir. Til að fullkomna slík huggulegheit heima fyrir er gott að hafa eftirfarandi atriði tilbúin:

1 Kerti. Það er mun notalegra að slaka á í mjúkri birtu en að horfa á fölt hörundið í bláum ljómanum frá rússaperunni.

2 Olía. Allskonar olíur eru yndislegar í baðvatnið en mesta slökun ættirðu þó að fá úr „aromatherapy“ olíum. Til dæmis er rósmarín ótrúlega gott fyrir andann og það sama má segja um hið purpuralita lofnarblóm (lavender), sem löngum hefur verið þekkt fyrir að hafa róandi áhrif.

3 Tónlist, svo lengi sem hún virkar róandi á þig. Klassísk tónlist er alltaf góð við þetta tilefni en fyrir byrjendur í áheyrn sígildrar tónlistar er gott að mæla bara með einhverjum safndisk. Bach, Beethoven og Mozart létu ekki sitt eftir liggja þegar þeir sömdu t.d Tunglskinssónötuna, Air on a G string (þá er ekki átt við nærbuxna g-streng) eða sönötu fyrir fiðlu og píanó númer 32 í B-dúr. Unaðslega róandi og falleg tónverk.

4 Hljóðbók. Ef þig langar heldur að hlusta á uppbyggilega sjálfs-hjálparbók af hljóðsnældu þá er það líka mjög góð hugmynd.

5 Kornakrem. Burstaðu húðina með kornakremi til að ná í burtu dauðum húðfrumum. Skolaðu þig vel á eftir og berðu svo á þig húðkrem sem ilmar vel.

6 Bók er mjög gott að lesa þegar maður liggur í heitu baðkari. Bækur fá mann til að gleyma stað og stund og fátt er betra til slökunar en að finna hversdagsleikann hverfa frá.

7 Líkjör eða kalt hvítvín. Það er reyndar ekki mjög sniðug hugmynd að verða full í baði, en hóflegur skammtur af ljúffengum líkjör ætti ekki að skemma fyrir þér.

8 Andlitsmaski. Það tekur um tuttugu mínútur fyrir andlitsmaskann að virka, sem er einmitt sá tími sem það tekur fyrir vatnið að verða volgt. Upplagt!

9 Heitt handklæði, mjúkur sloppur og inniskór. Algerlega nauðsynlegt þegar þú kemur upp úr.

10 Ekki spillir það fyrir að vera búin að skipta á rúminu og hafa kveikt á ilmkerturnum í svefnherberginu til að toppa þessa unaðslegu stund.

Evíta

Full búð af fallegum vörum á betra verði.
Gefðu heimilinu fallega gjöf



Hárpjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma.

Hárgreiðsla og gjafavörur


Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is

TE & KAFFI

Nýtt frá Te & Kaffi
smellin - þraglið - stemningin

Rope Yoga

stúdíó
Ármúla 44
Námskeið
að hefjast
Skráning í gangi



Kennari:
Emma Bjarnadóttir

Upplýsingar:
s.: 860 2173
info@egER.is
www.egER.is

LAUGARDAGINN
14. OKTÓBER
OPNAR MINERVA NÝJA
OG GLÆSILEGA VERSLUN
AÐ FAXAFENI 9.



ÓPÍÐ MÁN-FÖS KL. 11-18
OG LAU KL. 11-16
SÍMI 553 1144

MINERVA



Tryggvi Gunnarsson
segir kynjasögur

Strákar með brjóst eða stelpa með typpi?

Síðasta sumar fór ég í ótrúlega ævintýraferð til Tailands og Kambódíu. Þessi lönd eru ekkert minna en ótrúleg. Náttúran, frumskógurinn, strendurnar, kóralrífin og stórborgirnar. Mannlífið og menningin er svo gjörólík því sem við eigum að venjast og fólkið er svo indælt og vinalegt.

Þrátt fyrir að vera með yndislegustu stöðum á jarðri eiga þessi lönd, rétt eins og svo mörg önnur, sér skuggahlið. Sumir eru nefnilega allt of vinalegir. Ég gat varla gengið inn á skemmtistað án þess að vera boðið kynlíf fyrir litlar 1.500 krónur. Þetta voru ekki stelpur sem höfðu atvinnu af þessu heldur unnu þær í búðinni, á saumastofunni og á spítalanum. Þær sáu einfaldlega hvítan mann, vildu græða pening og skemmta sér aðeins í leiðinni. Viðhorfið til vændis er einfaldlega allt annað en það sem við eigum að venjast.

Í Kambódíu voru bæklingar um barnaklám á flestum túristastöðum. Þar stóð að kynmök við börn væru ólögleg og við þeim væru ströng viðurlög. Mér varð óglatt við að sjá þetta. Fyrst yfirvöld höfðu fyrir því að prenta bæklinginn hlaut að vera ærin ástæða fyrir því. Hvernig fólk selur börn og hvernig fólk kaupir börn? Í þessu sama landi var mér boðið að kaupa tvær 13 ára stelpur. Það versta er að það var engin önnur en móðir þeirra sem bauð þær. Ég fór beint heim á hótél, hringdi í mömmu og þakkaði henni fyrir að vera besta mamma í heimi.

Í Taílandi er þjóðfélagshópur sem er mjög áberandi á túristastöðum. Það eru „ladyboys“, stelpustrákararnir. Einhverra hluta vegna er ótrúlegur fjöldi stráka sem kosið hefur að fara í kynskiptiaðgerðir og hægt er að sjá nær öll stig aðgerðarinnar á götum staða eins og Ko Samui og Phuket. Strákar með varalit, strákar með brjóst og strákar sem eru orðnir stelpur.

Ég lenti í því á leið út á djammað að það kemur strákur á skellinöðru og stoppar og býður mér far. Þessi strákur var með brjóst svo ég afþakkaði pent. Hann lét ekki segjast og þegar ég settist upp í leigubíl elti hann. Hann vildi endilega fá að vera með mér en ég útskýrði fyrir honum eins nærgætnislega og ég gat að ég væri voðalega lítið fyrir stelpur með typpi.

Ég fór inn á skemmtistaðinn, var þar í klukkutíma og kom út aftur. Hver haldið þið að hafi beðið eftir mér í ögrandi stellingu ofan á skellinöðrunni nema þokkafull stelpustrákurinn. Aftur afþakkaði ég og fór aftur upp í leigubíl og keyrði sem leið lá á annan bar og aftur elti nýjasti aðdáandi minn.

Þegar ég kom loks út aftur eftir tvo tíma var hann horfinn. Hann var hins vegar ekki horfinn langt. Hann beið mín á hótelinu og eins og í fyrri skiptin vildi hann koma í keppni um hvor væri með stærra typpi. Ég hryggbraut hann í þriðja skipti þetta kvöld og skildi hann eftir úti. Hann var aftur á móti ekki lengi úti því skömmu á eftir mér kom vel drukinn Breti með vin minn upp á arminn. Ég gat ekki annað en brosað og enn þann dag í dag sé ég eftir að hafa ekki mætt með myndavél á gluggann næsta morgun til að festa á filmu svipinn á Bretanum þegar hann vaknaði. Suplise!

Vísdomsorð vikunnar

Hvað sem kona gerir þarf hún að gera tvisvar sinnum betur en karlmaður til að teljast honum jöfn. Sem betur fer er það ekki erfitt.
– Charlotte Whitton

Fellibylir eru aðferð Guðs við að segja okkur að hann hafi hjólhýsi.

„Reynsla“ er nafnið sem allir gefa eigin mistökum. – Oscar Wilde

Konur sem vilja vera jafnar karlmönnum vantar allan metnað.

Ekki giftast til fjár, þú getur fengið lán á betri kjörum.

Svartsýnismaðurinn kvartar undan hávaða þegar tækifærin berja að dyrum.

Ef Nói hefði virkilega verið klár þá hefði hann drepið þessar tvær flugur.



stjörnuþá

★ ★ ★
13. – 19. október

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Dagarnir framundan eru spennandi. Hruturinn á von á óvæntum fréttum sem fá hann til að brosa út að eyrum og dansa af gleði. Einnig gæti óvænt ástarævintýri látið á sér kræla.



NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

